



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	DMR22060171 – Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 50/2016 og öðrum réttarfarslögum.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Dómmálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	30.06.2022.

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Hinn 23. mars 2022 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp um sameiningu héraðsdómstólanna, meðal annars vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar í skýrslu sem send var dómsmálaráðuneytinu 29. apríl 2020, en þar kemur meðal annars fram að sameining héraðsdómstólanna sé skilvirkasta og árangursríkasta leiðin að aukinni samræmingu innan dómskerfisins. Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum en ráðgert er að störfum hans ljúki haustið 2022.

Af hálfu ráðuneytisins er forsenda sameiningar að sameinaður héraðsdómstóll hafi starfsstöðvar á landsbyggðinni. Horft er til þess að efla og styrkja þessar starfsstöðvar með nýjum verkefnum og byggja þar á verkefni um svonefnda réttarvörslugátt og því að koma á fót stafrænni meðferð dómsmála. Með breyttu fyrirkomulagi héraðsdómstólanna má ætla að ná megi fram einfaldari og skilvirkari stjórnarsýslu fyrir dómstólana og markvissu eftirliti með henni. Þá má ætla að fjárframlög og mannauður dómstólanna muni nýttast betur og aukið hagræði nást við meðferð dómsmála borgurunum til hagsbóta.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Með frumvarpi til breytinga á lögum um dómstóla, auk annarra samfara breytingum á réttarfarslöggjöf, er ætlunin að sameina átta héraðstóla landsins í eina stofnun og auka þannig skilvirkni og hagkvæmni í rekstri héraðsdómsstigsins. Þar á meðal má gera ráð fyrir að í ríkara mæli verði unnt að sinna málum óháð starfsvettvangi dómara, styrkja stjórnun héraðsdómsstigsins og faglegan grundvöll fyrir starfsemi dómstigsins á landsbyggðinni.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi löggjöf mælir fyrir um að héraðsdómstólarnir séu átta stofnannir en ekki ein líkt og stefnt er að.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Frumvarpið fellur undir málefnasvið 02 um dómstóla í fjármálaáætlun. Megnimarkmið stjórnvalda á málefnasviðinu er greiður aðgangur að dómstólum, að málsmeðferð verði réttlát, að upplýsingar um starfsemi dómstóla verði aðgengilegar, að njóti trausts í samfélaginu jafnframt sem að öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Auka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri héraðsdómsstigsins og styrkja faglegan grundvöll starfsemi dómstigsins á landsbyggðinni.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Að óbreyttu yrði ekki af sameiningu héraðsdómstólanna og farið yrði á mis við framangreind markmið með frumvarpinu. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Önnur úrræði eru ekki fullnægjandi þar sem þörf er á að breyta framangreindri löggjöf til að sameina héraðsdómstólana í einn. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Breyting á lögum um dómstóla og öðrum réttarfarslögum sem af breytingum á lögum um dómstóla leiða.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Með frumvarpi til breytinga á lögum um dómstóla og annarri réttarfarslöggjöf er ætlun að sameina átta héraðstóla landsins í eina stofnun og auka þannig skilvirkni og hagkvæmni í rekstri héraðsdómsstigsins og styrkja á sama tíma faglegan grundvöll starfsemi dómstigsins á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar muni til lengri tíma litið einfalda og styðja við innleiðingu tækninýjunga í málsmeðferð þar sem unnt verður að koma þeim við. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Breyting á lögum um dómstóla og öðrum réttarfarslögum sem af breytingum á lögum um dómstóla leiða.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Dómstólasýslan, héraðsdómstólarnir og þeir aðilar sem eiga erindi við héraðsdómstólana. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Vinna framangreinds starfshóps hefur verið í gangi þetta ár en hópurinn er samansettur af formanni stjórnar dómstólasýslunnar, fulltrúa lögmannafélagsins og aðstoðarmanni dómismálaráðherra. Lögfræðingar frá dómstólasýslunni og dómismálaráðuneytinu starfa með hópnum. Starfshópnum til stuðnings skipaði ráðherra enn fremur samráðshóp sem skipaður er saksóknara hjá embætti héraðssaksóknara, þremur héraðsdómurum, aðstoðarmanni héraðsdómara og dómritara í héraðsdómi. 4. Fyrirhugað samráð Fyrirhugað er að birta áform um lagasetningu og frummat á áhrifum í samráðsgátt stjórnvalda. Þá er jafnframt fyrirhugað að birta drög að frumvarpi til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið, verði það að lögum, hafi að sinni áhrif á tekju- og útgjaldahlið ríkissjóðs og/eða eignastöðu. Til lengri tíma má á hinn bóginn vænta þess að nokkur hagræðing verði af stjórnun héraðsdómsstigsins og þeirri skilvirkni sem mun leiða af meðferð dómsmála innan einnar stofnunnar.	
H. Næstu skref, innleiðing	
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Frumvarpið verður unnið af dómsmálaráðuneytinu á grunni framangreindrar vinnu starfshópsins, eftir atvikum að höfðu frekara samráði við fyrrgreinda hagaðila.	
2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almenníngur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Gert er ráð fyrir að gildistaka þeirra lagabreytinga sem frumvarpið mælir fyrir um verði að hluta eða öllu leyti um nokkru eftir að frumvarpið hlýtur samþykki á Alþingi svo að ráðrúm gefist til að gera þær breytingar á starfsemi héraðsdómsstigsins sem leiða af frumvarpinu.	
3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Það er forsenda þess að lagasetningin beri árangur að vel takist til við að samþætta starfsemi hinnar sameinuðu stofnunar með skilvirkri stjórnun hennar og að styrkja starfsstöðvar stofnunarinnar á landsbyggðinni. Með því að sameina héraðsdómsstigið í eina stofnun má ætla að ná megi fram einfaldari og skilvirkari stjórnsýslu fyrir dómstólana og markvissu eftirliti með henni.	
4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Árangur af frumvarpinu mun ef vel tekst til meðal annars birtast í jafnari álagsdreifingu við málarekstur á héraðsdómsstiginu og betri viðbragðsflýti í rekstri þess.	
5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Unnt verður að afla gagna um starfsemi héraðsdómsstigsins fyrir og eftir gildistöku væntanlegra laga frá dómstólasýslunni og hinni fyrirhuguð nýju sameinuðu stofnun.	
I. Annað	
J. Fylgiskjöl	
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað	
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum	